



Fundargerð

15. fundur Hreppsnefndar Ásahrepps haldinn á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi í Holtum., Miðvikudaginn 21. júní 2023, kl. 08:30.

Fundinn sátu:

Ísleifur Jónasson, Nanna Jónsdóttir, Þráinn Ingólfsson, Reynir Örn Pálmason, Helga Björg Helgadóttir og Valtýr Valtýsson.

Fundargerð ritaði: Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri.

1. Fundargerð 261. fundar skipulagsnefndar UTU - 2306003

Lögð fram fundargerð 261. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 23-185.

Mál nr. 1; Versalir (Stóraver L165351) á Holtamannafrétti; fjallasel; Deiliskipulag - 211042. Lögð er fram tillaga deiliskipulags sem tekur til fjallaselsins Versala á Holtamannafrétt eftir auglýsingu. Með deiliskipulaginu er verið staðfesta núverandi landnotkun svæðisins. Í Versölum eru þrjár skálar, tveir gistiskálar og hesthús með hestagerði. Annar gistiskálinn og hesthúsið er í eigu Ásahrepps og Rangárþings ytra, hinn gistiskálinn er í einkaeigu. Gisting getur verið fyrir allt að 45 gesti. Skipulagssvæðið er um 5,6 ha. Umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu tillögunnar.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að allar lóðir á Holtamannafrétti (innan þjóðlendu) með einkaskálum verði auglýstar í samræmi við verklag sem gefið hefur verið út af forsætisráðuneytinu. Brugðist hefur verið við umsögn forsætisráðuneytisins og gögn uppfærð. Hreppsnefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 23/2010 með fyrirvara um uppfærð gögn.

*Mál nr. 24; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 23-285 - 2305001F.
Lögð fram til kynningar fundargerð byggingarfulltrúa nr. 23-185.*

2. Fundargerð 262. fundar skipulagsnefndar UTU - 2306029

Lögð fram fundargerð 262. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 23-186.

Mál nr. 1; Hald á Holtamannafrétti; Fjallasel; Deiliskipulag - 2211044. Lögð er fram tillaga deiliskipulags sem tekur til fjallaselsins Halds á Holtamannafrétt eftir auglýsingu. Með deiliskipulaginu er staðfest núverandi landnotkun svæðisins, auk þess sem gert er ráð fyrir byggingu tveggja nýrra skála. Annar er ætlaður fyrir gistingu og hinn getur verið skemma/hesthús. Gisting getur verið fyrir allt að 40 gesti. Skipulagssvæðið er um 3,9 ha. Umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "HST", "RV", and "ROR".

ásamt uppfærðum gögnum.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Hreppsnefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bærust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Hreppsnefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 2; Hvanngiljahöll á Holtamannafrétti; Fjallasel, Deiliskipulag - 2211043. Lögð er fram tillaga deiliskipulags sem tekur til fjallaselsins Hvanngiljahallar á Holtamannafrétt eftir auglýsingu. Með deiliskipulaginu er staðfesta núverandi landnotkun svæðisins, auk þess sem gert er ráð fyrir byggingu nýrra skála í stað þeirra sem fyrir eru. Gisting getur verið fyrir allt að 30 gesti. Skipulagssvæðið er um 4,9 ha. Umsagnir bærust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu þess ásamt uppfærðum gögnum.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Hreppsnefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bærust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Hreppsnefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 48; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 23-186 - 2306001F.

Lögð fram til kynningar fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 23-186.

3. Fjallskiladeild Holtamannafréttar - 4 - 2306001F

Lögð fram fundargerð 4. fundar fjallskilaneftdar Holtamannafréttar.

Hreppsnefnd samþykkir fundargerina fyrir sitt leyti.

3.1 2303013 - Úthlutun úr Landbótasjóði 2023

3.2 2306001 - Hesthúsið á Þóristungum

3.3 2306002 - Greining kostnaðar vegna hreinsunar afréttar, ef ekki er rekið á Holtamannafrétt

4. Fundargerð 11. fundar stjórnar Odda bs. - 2306026

Lögð fram fundargerð 11. fundar stjórnar Odda bs.

Til kynningar.

5. Fundargerð 12 fundar stjórnara Odda bs. - 2306022

Lögð fram fundargerð 12. fundar stjórnar Odda bs.

Til kynningar.

6. Fundargerð 73. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu - 2306012

Lögð fram fundargerð 73. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs.

Til kynningar.

7. Fundargerð aðalfundar Félags og skólaþjónustu 2023 - 2306013

Handwritten notes and signatures in blue ink, including the number 93 and various initials.

Til kynningar.

8. Fundargerð Héraðsnefndar Rangæinga, 23. maí 2023 - 2306014

Lögð fram fundargerð Héraðsnefndar, dags. 23. maí 2023.

Til kynningar.

9. Fundargerð 101. fundar stjórnar UTU - 2306018

Lögð fram fundargerð 101. fundar stjórnar UTU.

Til kynningar.

10. Fundargerð 9. fundar seyrustjórnar - 2306027

Lögð fram fundargerð 9. fundar seyrustjórnar.

Til kynningar.

11. Fundargerð 10. fundar seyrustjórnar - 2306024

Lögð fram fundargerð 10. fundar seyrustjórnar.

Til kynningar.

12. Fundargerð 228. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands - 2306025

Lögð fram fundargerð 228. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

Til kynningar.

13. Fundargerð 55. fundar stjórnar Bergrisans bs. - 2306006

Lögð fram fundargerð 55. fundar stjórnar Bergrisans bs.

Til kynningar.

14. Fundargerð 56. fundar stjórnar Bergrisans bs. - 2306009

Lögð fram fundargerð 56. fundar stjórnar Bergrisans bs. ásamt ársreikningi 2022 og starfsreglum þjónusturáðs.

Til kynningar.

15. Fundargerð 57. fundar stjórnar Bergrisans bs. - 2306010

Lögð fram fundargerð 57. fundar stjórnar Bergrisans bs.

Til kynningar.

16. Fundargerð 58. fundar stjórnar Bergrisans bs. - 2306019

Lögð fram fundargerð 58. fundar stjórnar Bergrisans bs.

Til kynningar.

17. Fundargerð 5. fundar stjórnar Arnardrangs hses. - 2306020

Lögð fram fundargerð 5. fundar stjórnar Arnardrangs hses.

Til kynningar.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "HBT", "RSP", "JJ", and "BT".

18. Fundargerð 6. fundar stjórnar Arnardrangs hses. - 2306021

Lögð fram fundargerð 6. fundar stjórnar Arnardrangs hses.

Til kynningar.

19. Fundargerð 596. fundar stjórnar SASS - 2306023

Lögð fram fundargerð 596. fundar stjórnar SASS.

Til kynningar.

20. Fundargerð 64. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga - 2306005

Lögð fram fundargerð 64. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga.

Til kynningar.

21. Fundargerð 926. fundara stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2306008

Lögð fram fundargerð 926. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til kynningar.

22. Fundargerð 927. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2306011

Lögð fram fundargerð 927. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til kynningar.

23. Fundargerð 928. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2306016

Lögð fram fundargerð 928. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til kynningar.

24. Spurningar frá samgöngunefnd SASS - 2306017

Lagt fram tölvuskeyti SASS, dags. 5. júní 2023, þar sem fram koma 5 spurningar til aðildarsveitarfélaga SASS frá samgöngunefnd samtakanna. Þetta er liður í endurskoðun nefndarinnar á samgönguáætlun fyrir árið 2023-2032.

Hreppsnefnd Ásahrepps átti áhugaverða umfjöllun um spurningar samgöngunefndar SASS. Sveitarstjóra falið að svara erindinu í takt við þær umræður sem áttu sér stað.

25. Umsagnarbeiðni vegna rekstrarleyfis gististaðar í flokki IV-Hótel; Fremstutungu - 2303029

Lagt fram bréf Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 23. mars 2023, þar sem óskað er eftir umsögn hreppsnefndar Ásahrepps vegna umsóknar um rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki iV-A Hótel. Um er að ræða Hótel Hálend, sem staðsett er að Frestutungu á Holtamannafrétti, fasteignanúmer: 250-0912. Umsækjandi er Hálendið ehf, kt. 600421-1310. Fyrir liggur jákvæð afgreiðsla byggingarfulltrúa, dags. 15. júní 2023, sem einnig er lögð fram.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að ekki eru gerðar neinar athugasemdir við að umrætt rekstrarleyfi verði veitt.

26. Erindi Golfklúbbsins Hellu, sameining GHR og Strandarvallar ehf - 2306028

Lagt fram bréf Golfklúbbsins Hellu, dags. 6. júní 2023, þar sem óskað er eftir samþykki

sveitarstjórna sveitarfélaganna í Rangárvallasýslu um að sameina Strandarvöll ehf við Golfklúbbinn Hellu. Ekki er gert ráð fyrir því að endurgjald komi fyrir eignarhlut sveitarfélaganna í félaginu. Eignarhlutur Ásahrepps er 0,8% og er metinn í ársreikningi 2022 á kr. 634.000.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að eignarhlutur Ásahrepps í Strandarvelli ehf. renni til Golfklúbbsins Hellu án endurgjalds.

Hreppsnefndin litur svo á að þessi eignarhluti sé sem framlag til klúbbsins.

27. Styrkbeiðni Íþróttasambands fatlaðra vegna útgáfu Hvata - 2306030

Lagt fram tölvuskeyti Íþróttasambands fatlaðra, dags. 25. maí 2023, þar sem óskað er eftir fjárstyrk vegna útgáfum blaðsins Hvata.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita styrk að upphæð kr. 9.000.

28. Rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps - 2101011

Lagt fram rekstraryfirlit fyrir sveitarsjóð Ásahrepps frá 1. janúar - 31. maí 2023.

Til kynningar.

29. Skýrsla Orlofsnefndar húsmæðra ásamt ársreikningi 2022 - 2306004

Lagt fram bréf frá orlofi húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu, dags. 15. maí 2023 ásamt skýrslu og ársreikningi fyrir árið 2022.

Til kynningar.

30. Erindi Skógræktarfélags Íslands til sveitarfélaga - 2306007

Lagt fram erindi Skógræktarfélags Íslands, dags. 22. maí 2023, þar sem varað er við neikvæðum málflutningi andstæðinga skógræktar.

Til kynningar.

31. Andmæli við minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga um ágang búfjár - 2306015

Lagt fram bréf umræðuhóps um lausagöngu sauðfjár til Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 4. mars 2023. Í bréfinu koma fram athugasemdir við minnisblað sambandsins um réttarstöðu sveitarfélaga vegna ágangs búfjár.

Til kynningar.

32. Næsti fundur hreppsnefndar Ásahrepps - 2101018

Næsti reglubundni fundur hreppsnefndar Ásahrepps verður haldinn á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi 16. ágúst 2023. Fundurinn hefst klukkan 8:30.

Sumarleyfi hreppsnefndar Ásahrepps er í júlí og jafnframt verður sumarleyfi skrifstofu og henni lokað frá og með 3. júlí til og með 11. ágúst n.k.

Samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 11:00.

Fundargerð hreppsnefndar Ásahrepps

Handwritten signatures and initials in blue ink, including the number 96.

Ísleifur Jónasson
Ísleifur Jónasson

Þráinn Ingólfsson
Þráinn Ingólfsson

Helga Björg Helgadóttir
Helga Björg Helgadóttir

Nanna Jónsdóttir
Nanna Jónsdóttir

Reynir Örn Pálmason
Reynir Örn Pálmason

Valtýr Valtýsson
Valtýr Valtýsson